



Vatnajökulsþjóðgarður

Samgöngustefna



7. júní 2019

Útgáfa 1.0

Áherslur í Samgöngustefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulspjóðgarður vill vera fyrirmynd stofnana, sýna gott fordæmi í samgöngumálum, stuðla að sjálfbærni og betri árangri í daglegum rekstri.

Vatnajökulspjóðgarður vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks stofnunarinnar sem og allra landsmanna. Vatnajökulspjóðgarður hvetur alla til að sýna fyrirmyndar hegðun í umferðinni.

Markmið samgöngustefnu þjóðgarðsins er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta. Einnig er leitast við að velja vistvæna valkosti við kaup á þjónustu og á flutningi. Vatnajökulspjóðgarður stuðlar m.a. að því að starfsfólk hagræði vinnutengdum ferðum þannig að áhrif þeirra á umhverfið verði sem minnst. Einnig er hvatt til og komið á mótis við starfsfólk sem vill nýta sér umhverfisvænni ferðamáta í og úr vinnu. Þjóðgarðurinn vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Þjóðgarðurinn setur sér það markmið að vera kolefnishlutlaus stofnun árið 2021.

Markmið og framkvæmd samgöngustefnu

Ferðamáti:

- Þjóðgarðurinn hvetur starfsfólk til að ganga eða hjóla til og frá vinnu. Starfsfólk sem að jafnaði notar slíkan vistvænan samgöngumáta fær greiddan útlagðan kostnað skv. reikningi, þó að hámarki þá upphæð sem nemur andvirði árskorts í strætisvagna, sjá nánar samgöngusamninga
- Þjóðgarðurinn hvetur starfsfólk til að nota almenningsamgöngur til og frá vinnu. Í þeim tilgangi kaupir þjóðgarðurinn samgöngukort Strætó fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar eða ákveður að nota strætisvagna til að ferðast í og úr vinnu
- Þjóðgarðurinn hvetur starfsfólk til að samnýta ferðir á vinnutíma eins og kostur er
- Þjóðgarðurinn mun fjölga vistvænum bifreiðum næstu 4 árin og stefnir að því að 50% af heilsársbílaflota garðsins verði vistvænn
- Þjóðgarðurinn mun leitast við að nýta rafrænar lausnir svo sem ferilvöktun eftir því sem kostur er til að ná fram settum markmiðum um hagkvæmni og öryggi vegna notkunar bifreiða
- Þegar pantaðir eru leigu- eða bílaleigubílar eða þegar notast á við hópferðabíla skal óskað eftir vistvænum bílum
- Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir stofnunin leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna
- Vatnajökulspjóðgarður hvetur starfsfólk til að tileinka sér **vistakstur***

Fundir og ferðir á milli svæða:

- Starfsfólk fer gangandi eða hjólandi á fundi ef ferðin tekur 10 mínútur eða skemur
- Starfsfólk notar bíla í eigu þjóðgarðsins, strætisvagna eða leigubíla til að fara á fundi ef það hentar. Þjóðgarðurinn kaupir staka miða í strætó, þar sem það á við, fyrir ferðir á vinnutíma
- Þjóðgarðurinn hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er

Aðstaða:

- Stofnunin gerir samgöngusamning við þá starfsmenn sem nota vistvænan samgöngumáta, hjóla, ganga eða keyra **vistvæna bifreið****. Horft er til fjölbreyttra starfstöðva og ólíkra aðstæðna á starfsstöðvum þjóðgarðsins

- Vatnajökulspjódgarður mun kappkosta að tryggja aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur og stefnir á gull í **hjólavottun***** á öllum starfsstöðvum
- Vatnajökulspjódgarður býður upp á fyrirlestra eða atburði sem hvetja til hjólreiða
- Vatnajökulspjódgarður stefnir að því að starfsfólk hafi möguleika á fjarvinnu til þess að minnka kolefnisspor og álag á samgöngur

Innkaup:

- Við kaup á vöru, þjónustu og við ráðningar skal leitast við að skipta við fyrirtæki eins og kostur er til að takmarka flutning og ferðalög. Leitast skal við að samnýta ferðir/verkefni í samvinnu við fleiri aðila. Sjá nánar í Innkaupastefnu Vatnajökulspjódgarðs.
- Starfsfólk er hvatt til þess að nýta ferðalög starfsfólks við flutninga vara milli svæða
- Starfsfólk er hvatt til þess að gæta hagkvæmni þegar pantaðar eru vörur og halda fjölda sendinga í lágmarki
- Starfsfólk er hvatt til þess að huga að kolefnisspori þjóðgarðsins við val á ferðum sínum innanlands og erlendis

Fræðsla, innra eftirlit og eftirfylgni

Samgöngustefnu Vatnajökulspjódgarðs skal fylgt eftir með starfsáætlun til eins árs í senn. Í starfsáætluninni eru tilgreindar áherslur og aðgerðir, þeim forgangsraðað og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Lögð er áhersla á fræðslu starfsfólks og þjálfun í notkun vistvænna aðferða við akstur. Þjóðgarðurinn mun standa fyrir fræðslufundum einu sinni á ári í því skyni að efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur. Starfsfólk sem hefur hug á að nýta sér samgöngustyrk gerir samgöngusamning við þjóðgarðinn.

Endurskoðun samgöngustefnu

Til að tryggja að markmiðum stefnunnar verði náð skal vinna aðgerðaráætlun sem nái til þriggja ára. Endurskoða skal samgöngustefnu Vatnajökulspjódgarðs á fimm ára fresti eða oftár ef tilefni er til.

Aðgerðaáætlun fyrir samgöngustefnu

Áherslur í samgöngustefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Árlega skal samgöngustefna kynnt starfsmönnum á starfsmannafundi	Framkvæmdastjóri Mannauðsstjóri	September
Vatnajökulspjóðgarður verður orðinn kolefnishlutlaus stofnun	Framkvæmdastjóri	September 2021

Markmið og framkvæmd samgöngustefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Að yfirfara samgöngusamninga árlega og uppfæra m.t.t. þróunar mála	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Mannauðsstjóri	Febrúar
Yfirfara bílamál m.t.t. vistvænna þátta og leita lausna vegna bifreiðarekstur stofnunarinnar	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars 2024
Að innleiða rafrænar lausnir vegna bifreiðareksturs stofnunarinnar m.t.t. hagkvæmni og öryggis	Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars 2020
Að hver starfsstöð verði komin með hjólavottun***	Mannauðsstjóri Þjóðgarðsvörður	Mars 2021
Að gera áætlun um samgöngumál til lengri og skemmri tíma	Mannauðsstjóri Þjóðgarðsverðir	Febrúar 2020

Fræðsla, innra eftirlit og eftirfylgni samgöngustefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Yfirfara og endurskoða verkferla m.t.t. samgöngustefnu og mæla græn skref	Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars
Gera árlega eins árs starfsáætlun samgöngustefnu	Mannauðsstjóri Þjóðgarðsvörður	Nóvember 2019
Að gera úttekt á vistvænum innkaupum, nýtingu vistvænna fararkosta árlega	Fjármálastjóri	Febrúar 2020

Endurskoðun samgöngustefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Gera skal tveggja ára aðgerðaráætlun í samgöngumálum og skilgreina ábyrgð	Mannauðsstjóri Þjóðgarðsvörður	Mars 2020
Samgöngustefnan er endurskoðuð á fimm ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2023

*Vistakstur sameinar orku- og peningasparnað, minni mengun og aukið umferðaröryggi.

**Vistvæn bifreið gengur fyrir vistvænum orkugjöfum m.t.t. orkunotkunar, losunar koldíoxíðs og losun mengandi efna.

***Hjólavottun vinnustaða er tæki til að markvisst innleiða bætta hjólréidamenningu. Fulltrúar fyrirtækja fylgja eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu eftir stigagjöf; platínium, gull, silfur eða brons. Með þessum hætti hvetur vottunin vinnustaði til að bæta aðbúnað fyrir bæði viðskiptavini og starfsmenn sem leiðir til þess að fleiri velji umhverfisvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi, sjá nánar [hér](#).